

Ársskýrsla 2023



Ársskýrsla 2023

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.700 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, starfsemi eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starf samtakanna í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu. Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánu samráði við félagsmenn, starfsgreinahópa og aðildarfyrirtæki.

Ávarp formanns SI

Árið 2023 einkenndist einna helst af umbrotum í efnahagsmálum, alþjóðamálum og íslenskri náttúru. Þessi fjölbættu umbrot hafa beint og óbeint snert íslenskan iðnað og atvinnulíf almennt. Glíman við verðbólguna, hátt vaxtastig og almennt efnahagslegt ójafnvægi hefur tekið sinn toll, bæði hjá atvinnurekendum og launþegum. Gerð skammtímasamninga á vinnumarkaði í upphafi ársins 2023 hafði því miður ekki tilætluð áhrif um aukinn stöðugleika og lækkun stýrivaxta. Þar spiluðu óhagstæðar ytri aðstæður einnig inn í sem framlengdu tímabil vaxtahækkana og afleiðingar efnahagsaðgerða á heimsvísu í heimsfaraldri hafa verið langdregnari og haft meiri áhrif á íslenskt efnahagslíf en margir hugðu.

Það er mikilvægt að undirstrika að íslenskur iðnaður er ein af undirstöðum íslensks efnahagslífs og hefur þrátt fyrir margvíslegar áskoranir undanfarin ár sjaldan eða aldrei staðið styrkari fótum en um þessar mundir. Iðnaður skapar einn og sér ríflega fjórðung landsframleiðslunnar og stærstu vaxtartækifærin eru í iðnaði. Sá mikli árangur sem hefur náðst í okkar atvinnugreinum í óróa og óvissu síðustu ára kennir okkur að við getum aðlagð okkur vel að slíku ástandi. Á íslenskum vinnumarkaði eru nú tæplega 50 þúsund launþegar starfandi í fjölbreyttum iðnaði, eða einn af hverjum fjórum, og iðnaðurinn skilar um 44% útlutningstekna af fjölbreyttri starfsemi á sviði framleiðslu-, hugverka- og byggingariðnaðar. Þessar tölur undirstrika umfang og mikilvægi iðnaðarins í gangverki íslenska hagkerfisins.

Skuggi hernaðaráttaka og vígbúnaðar hvílir þungt á heimsbyggðinni um þessar mundir sem skapar óstöðugleika í heimsbúskapnum og hefur áhrif á íslenska hagkerfið sem er háð innflutningi af ýmsum toga og stöðugum útlutningstekjum. Uppgangur þjóðernisófga og popúlístískra afla í Evrópu eykst og útbreiðsla þeirra er hröð, sem eru ógnvænleg tíðindi. Á sama tíma á Evrópusambandið, okkar mikilvægasta markaðssvæði útlutnings, í margháttuðum erfiðleikum og aukinnar ósamstöðu gætir meðal aðildarríkjanna í mikilvægum málum. Samkeppnishæfni iðnaðar í Evrópu hefur á undanförunum árum átt verulega undir högg að sækja í samkeppni við Bandaríkin og Kína, og er nú svo komið að samdráttur er í ýmsum geirum iðnaðar í álfunni. Er meðal annars um að kenna óhóflegu regluverki og letjandi skattkerfum. Þetta er þróun sem þarf að snúa við ef efla á hagvöxt og glæða framfarir og nýsköpun í álfunni á ný.

Jarðhræringar og eldsumbrot á Reykjanesi eru tíð um þessar mundir, sem ógna byggðarlögum og mikilvægum innviðum. Skriðuföll og snjóflóð eru sömuleiðis tíð víða um land, að líkindum vegna breytinga á veður- og tíðarfari. Þessi staða kallar á nýja nálgun í áhættumati náttúruvár og viðhaldi og uppbyggingu innviða. Íslenskur iðnaður hefur látið myndarlega til sín taka í þeim brýnu aðgerðum sem ráðist hefur verið í vegna þessa. Þar hafa hendur verið látnar standa fram úr ermum og stjórnmöld tekið erfiðar en nauðsynlegar ákvarðanir með atbeina Alþingis og m.a. vikið til hliðar regluverki sem hefði tafið aðgerðir um mánuði eða ár.

Þá beinir þessi erfiða staða frekara kastljósi að stöðu húsnæðismála og þeim skorti sem er til staðar á nýju íbúðarhúsnæði í landinu, sem er eitthvað sem Samtök iðnaðarins hafa ítrekað bent á mörg undanfarin ár. Stór og jákvæð skref hafa verið tekin í rétta átt til úrbóta í húsnæðismálum í góðu samstarfi ríkis og iðnaðar en betur má ef duga skal hjá sveitarfélögunum til að koma aðgerðum á fulla ferð. Vænti ég að mikilvægum áföngum verði náð hvað þetta varðar á árinu.

Alvarleg staða er komin upp í orkumálum þjóðarinnar eftir kyrrstöðu og athafnaleysi um árabíl. Telja má víst að á liðnu ári hafi stjórnmöld og



almennigur loksins vaknað til vitundar um þá ógnvænlegu stöðu sem komin er upp í orkuöflun í landinu. Evrópa er búin að ganga í gegnum orkukreppu og orkuskort allt frá innrás Rússa í Úkraínu en það var engin haldbær ástæða fyrir því að Ísland þyrfti að ganga í gegnum slíkt hið sama. Náttúruhamfarir í Svartsengi og Grindavík og úr sér gengið flutningskerfi raforku á stórum hluta landsins auka enn á þetta neyðarástand.

Við Íslendingar erum í einstakri stöðu að skapa ný atvinnutækifæri og ný störf, ekki síst í hugverkaíðnaði og á grunni hinna grænu umbreytinga, sem myndu stuðla að bættum lífskjörum og velferð þjóðarinnar allrar. Við eigum gnægð náttúruauðlinda sem við höfum nýtt á sjálfbæran hátt í áratugi. Sú staðreynd setur okkur í ákjósanlega og eftirsóknarverða stöðu, til að mynda þegar kemur að öflun nýrrar orku til að mæta raforkuþörf vegna orkuskipta á Íslandi og nýrra tækifæra í iðnaði. Þau mál þola enga bið.

Í kjölfar sameiningar sex helstu félaga og samtaka iðnaðar á haustmánuðum 1993 tóku Samtök iðnaðarins formlega til starfa í ársbyrjun 1994. Við fögnum því 30 ára afmæli Samtaka iðnaðarins í ár með margvíslegum hætti. Með árunum hafa fleiri samtök, meistarafélög og iðnfyrirtæki gengið til liðs við Samtök iðnaðarins og innan þeirra eru nú um 1.700 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Fjöldi og fjölbreytni félagsmanna okkar gefur samtökunum okkar mikinn styrk en um leið er það áskorun að standa vörð um hagsmuni sem kunna að vera ólíkir. Samtök iðnaðarins eru og verða hreyfiafl og málsvari iðnaðar á Íslandi, því í öllu starfi samtakanna er lögð áhersla á það sem er sameiginlegt, um leið og tekið er tillit til sérþækari mála einstakra aðildarfyrirtækja. Markmið okkar, nú sem fyrr, er að gera ávallt betur í dag en í gær.

Ég færi félagsmönnum, stjórn og starfsfólki Samtaka iðnaðarins mínar bestu þakkir fyrir afar ánægjulegt samstarf á árinu og óska íslenskum iðnaði velfarnaðar á komandi starfsári.

Árni Sigurjónsson,
formaður Samtaka iðnaðarins

Stjórn SI 2023

Stjórn Samtaka iðnaðarins ber ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til tólf formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti.

Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI sem haldinn var í Norðurljósum í Hörpu 9. mars. Kjörið fór fram með rafrænum hætti. Alls gáfu sjö kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um fjögur almenn stjórnarsæti. Kosningu hlutu Guðrún Halla Finnsdóttir, verkefnastjóri viðskiptapróunar Norðurláls, Karl Andreassen, forstjóri Ístaks, Magnús Hilmar Helgason, framkvæmdastjóri Launafls í Fjarðarbyggð, og Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Eignarhaldsfélagsins Hornsteins.

Stjórn SI

Árni Sigurjónsson, Marel, formaður

Arna Arnardóttir, gullsmiður

Guðrún Halla Finnsdóttir, Norðurál

Halldór Halldórsson, Íslenska kalkþörungafélagið

Hjörtur Sigurðsson, VSB verkfræðistofa

Jónína Guðmundsdóttir, Coripharma

Karl Andreassen, Ístak

Magnús Hilmar Helgason, Launafl

Vígnir Steinvör Halldórsson, Öxar

Þorsteinn Víglundsson, Eignarhaldsfélagið Hornsteinn

Varamenn

Ágúst Þór Pétursson, Mannvit

Stefán Örn Kristjánsson, Össur

Vígnir Bjarnason, Elkem Íslands



Stjórn SI, talið frá vinstri, Arna Arnardóttir, Halldór Halldórsson, Magnús Hilmar Helgason, Sigurður Hannesson, Þorsteinn Víglundsson, Jónína Guðmundsdóttir, Vignir Steinþór Halldórsson, Hjörtur Sigurðsson, Árni Sigurjónsson, Guðrún Halla Finnsdóttir og Karl Andreassen.

Stiklað á stóru

Stjórn SI á Reykjanesi

Stjórn SI ásamt framkvæmdastjóra lögðu leið sína til Reykjanes dagana 22. og 23. maí þar sem nokkur af aðildarfyrirtækjum samtakanna voru heimsótt; Algalíf Iceland, Skipasmíðastöð Njarðvíkur, Skólamatur, Georg V. Hannah skartgripaverslun og Auðlindagarður HS Orku. Í tilefni ferðarinnar var efnt til fjölmenns hádegisverðarfundar á Courtyard Marriott í Reykjanesbæ þar sem rætt var um öflugt atvinnulíf á Reykjanesi.



Mannvirkjaping SI

Mannvirkjaping SI var haldið í fyrsta skipti 2. nóvember í Iðunni í Vatnagörðum. Á þinginu var kynnt ný stefna Mannvirkjaráðs SI auk þess sem haldnar voru málstofur um mannauðs- og menntamál, einn feril uppbyggingar og innviðafjárfestingu. Í nýrri stefnu kemur meðal annars fram að hlutverk Mannvirkjaráðs SI sé að vera samstarfsvettvangur sem stuðli að umbótum í mannvirkjaiðnaði, sjálfbærri þróun hans, jákvæðri ímynd og heilbrigðu starfsumhverfi, atvinnulífinu og samfélaginu til hagsbóta. Í umræðum á þinginu kom fram að mikil þörf væri á íbúða- og innviðaupbyggingu. Á árinu lögðu Samtök iðnaðarins mikla áherslu á mikilvægi þess að leitað verði lausna.

Alvarleg staða orkumála

Samtök iðnaðarins beittu sér fyrir aukinni orkuöflun í þágu uppbyggingar iðnaðar, orkuskipta og vaxtar samfélagsins. Staða raforkumála er alvarleg en allt bendir til þess að framboð mæti ekki eftirspurn samfélagsins næstu fjögur árin eða svo. Bent var á þetta og hvatt til aðgerða í umsögnum, viðtölum, greinum sem og í samtölum við stjórnvöld.

Segir útilokað að frumvarp fari í gegn

● Stjórnvöld raforkumála ● Vaxandi orkuskiptum

Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt. Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt. Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt.

Oliuinnflutningur eykst þvert á markmið stjórnvalda

Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt. Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt. Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt.

Kyrrstaða í orkumálum skerðir lífsgæði

Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt. Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt. Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt.

Raforka í landinu nánast uppseld

● Fullkomlega óraunhæft að ná markmiðum um orkuskipti fyrir árið 2040 ● Stærst í mætar fyrir innflutning á jarðefnaðrenni til landsins ● Nauðsynlegt að loka fyrir leyfingum fyrir grana orku

Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt. Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt. Stjórnvöld hefur útilokað að frumvarpið fari í gegn. Þetta er stafrænt og er stafrænt.

Alþingi

25.4.2023 09:02

Sigurður Hannesson framkvæmskipti Samtaka iðnaðarins

Opinn fundur í umhverfis- og samgönguþingum um loftslagsmarkmið Íslands

Fjölgun félagsmanna

Undanfarin tvö ár hafa ríflega 300 fyrirtæki og aðilar í rekstri í ólíkum greinum iðnaðar gengið til liðs við Samtök iðnaðarins. Í lok árs 2023 var fjöldi félagsmanna um 1.700 talsins. Um 50 starfsgreinahópar, undirfélög og ráð eru starfsrækt innan SI og eru hundruð stjórnenda í íslenskum iðnfyrirtækjum virk í starfi samtakanna sem eru stærstu og öflugustu samtök atvinnurekenda á Íslandi.

Fjölbreyttir viðburðir

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fjölmörgum viðburðum á árinu. Líkt og undanfarin ár voru viðfangsefni viðburðanna margvisleg og spönnuðu breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku samtökin þátt í ýmsum viðburðum í samvinnu við aðra.



Iðnþing SI

Iðnþing SI fór fram í Silfurbergi í Hörpu 9. mars. Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði var yfirskrift þingsins sem fór fram fyrir fullum sal en um 400 manns mættu auk þess sem þingið var í beinni útsendingu. Í tengslum við þingið var gefin út greining SI á umfangi og vaxtartækifærum í iðnaði hér á landi lítið til næstu ára þar sem áform eru um verulega aukningu í útflutningi og þörf fyrir innviðaframkvæmdir sem gæti leitt til meiri hagvaxtar á næstu árum en nú er reiknað með í hagvaxtarspám.

Útboðsþing SI

Árlegt Útboðsþing SI fór fram í Háteig á Grand Hótel Reykjavík þar sem fulltrúar níu opinberra verkkaupa kynntu fyrirhuguð útboð og fjárfestingar verklegra framkvæmda á árinu. Þar kom fram að samanlagt væru áætlaðar verklegar framkvæmdir hins opinbera 173 milljarðar króna.





Iðnaðarsýningin 2023

Iðnaðarsýningin 2023 var haldin í Laugardalshöll 31. ágúst til 2. september í samstarfi við SI. Á sýningunni kynntu fjölmargir félagsmenn SI sína starfsemi. Formaður SI opnaði sýninguna ásamt forseta Íslands.



Frá afhendingu Vaxtarsprotans í Grasagarðinum í Laugardal.
Talið frá vinstri, Katrín Sif Oddgeirsdóttir, verkefnastjóri atvinnulífstengsla hjá HR, Eiríkur Nilson, meðstofnandi Hopp, Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannís, Katrín Atladóttir, vörustjóri Dohop, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Ingunn Tryggvadóttir, vörustjóri Dohop, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, Eyþór Máni Steinarsson, framkvæmdastjóri og meðstofnandi Hopp, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Hildur Hjaltalín Jónsdóttir, rekstrarstjóri Hopp, Kolbrún Hrafnkelsdóttir, stofnandi Florealis og í stjórn Samtaka sprotafyrirtækja, Ægíur Þorsteinsson, meðstofnandi Hopp, Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI, Hallgrímur Björnsson, fjármálastjóri Lauf Forks og Svandís Unnur Sigurðardóttir, sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði Rannís.

Vaxtarsprotinn

Vaxtarsproti ársins var afhentur í Flórunni í Grasagarðinum í Laugardal. Hopp fékk viðurkenninguna fyrir 970% vöxt í veltu milli ára. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, afhenti Vaxtarsprotann. Dohop og Lauf Forks hlutu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt í veltu. Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Þetta var í 17. skiptið sem viðurkenningarnar eru veittar en tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Fjölbreyttir viðburðir



Framtíð orkumála

Samtök rafverktaka og SI stóðu fyrir ráðstefnu um framtíð orkumála á Grand Hótel Reykjavík 10. mars. Á ráðstefnunni var farið yfir stöðu og þörf í orkuinnviðum á Íslandi í ljósi loftslagsmarkmiða og var gefin innsýn í nýja tækni vindorku og sólarorku og horft til þess hvaða færni fagfólk þarf að búa yfir í framtíðaruppbyggingu orkuinnviða.

Menntadagur atvinnulífsins

Á Menntadegi atvinnulífsins sem fór fram í Norður-ljósum í Hörpu 14. febrúar var fjallað um færniþörf. Bláa lónið var valið Menntafyrirtæki ársins og Orkuveita Reykjavíkur Menntasproti ársins.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Á rauðu ljósi var yfirskrift Umhverfis dags atvinnulífsins sem fór fram í Norðurljósum í Hörpu 29. nóvember. Landsvirkjun og Carbon Recycling International hlutu umhverfisviðurkenningar.

Meðal annarra viðburða sem haldnir voru á árinu með aðkomu SI:

- Ný sjálfbærnistefna – Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda
- Ráðning og móttaka erlendra sérfræðinga – Samtök upplýsingatæknifyrirtækja
- Gæðastjórnun í byggingariðnaði – Iðan og hópur gæðastjóra í byggingariðnaði
- Öryggismál í mannvirkjagerð – Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi, Samtök iðnaðarins, Byggið og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra
- Fundur með orkumálastjóra – Vetnis- og rafeldsneytissamtökin
- Framadagur í HR – Yngri ráðgjafar
- Skrifudagur Tækniskólans – Félag vinnuvélaeigenda
- Mín framtíð – Yngri ráðgjafar, Félag blikksmiðjueigenda
- Fyrstu stig í fjárfestingum í sprotafyrirtækjum – Samtök sprotafyrirtækja
- Grænt stökk í mannvirkjagerð – Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Mistök í nýsköpunarferli – Hugverkastofan, Controlant
- Framtíðarmatvæli á Íslandi – Íslandsstofa
- Hraðstefnumót frumkvöðla og leiðtoga í nýsköpunarumhverfinu – Samtök sprotafyrirtækja
- Framtíð leikjaiðnaðar – Samtök leikjaframleiðenda
- Kynning á Tækniþróunarsjóði og skattahvötum vegna R&D – Rannís, Samtök sprotafyrirtækja
- Norrænn gagnaversiðnaður – Samtök gagnavera
- Jafnrétti í sprotafjárfestingum – Samtök sprotafyrirtækja, Framvís, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
- Staðan á íbúðamarkaði og atvinnuppbygging á landsbyggðum – Bygðastofnun, Samtök sveitarfélaga, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Lóa nýsköpunarstyrkur
- Kaka ársins – Landssamband bakameistara

Sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins koma að framkvæmd og styðja margskonar verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensks iðnaðar.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. SI styrkja Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Íslensku menntaverðlaunin

Íslensku menntaverðlaunanna voru afhent á Bessastöðum. Í flokki framúrskarandi iðn- og verkmenntunar hlaut málaraþraut Tækniskólans verðlaun vegna þróunar einstaklingsmiðaðs náms í málara-iðn. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, afhenti verðlaunin.



Hönnunarverðlaun Íslands

Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla Hönnunarverðlauna Íslands. Að þessu sinni hlaut Angústúra bókaforlag viðurkenningu fyrir besta fjárfestingu í hönnun. Verðlaun hlutu Edda, hús íslenskunnar eftir Hornsteina arkitekta í flokknum Staður, Loftpúðinn eftir Fléttu fyrir Fólk Reykjavík í flokknum Vara og Pítsustund eftir Fléttu og Ýrúrarí í flokknum Verk. Heiðursverðlaun hlaut Sigrún Guðjónsdóttir fyrir framlag sitt til leirlistar og brautryðjendastarf á því sviði.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, afhenti Maríu Rán Guðjónsdóttur hjá Angústúru bókaforlagi viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun.



Frá afhendingu styrkja úr Hvatningsarsjóði Kviku.

Hvatningsarsjóður Kviku

Kvika, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, veitti styrki til nema í iðn- og kennaranámi úr hvatningsarsjóði sínum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í október 2018. Að þessu sinni hlutu tíu iðnnemar og sex kennaranemar styrki. Markmið sjóðsins er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og kennaranáms og þýðingu starfa sem því tengjast fyrir íslenskt atvinnulíf. Árni Sigurjónsson, formaður SI, var viðstaddur afhendingu styrkjanna.

Grænvangur

Grænvangur er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda. Framkvæmdastjóri SI er formaður Grænvangs.

Klak

Klak hjálpar frumkvöðlum að raungera hugmyndir sínar, fjölgar sprotafyrirtækjum sem byggja á hugviti og eykur þannig sjálfbæra verðmætasköpun Íslands. Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI er formaður stjórnar Klaks.

Auðna Tæknitorg

Auðna Tæknitorg er tækniveita sem sinnir tækni- og þekkingaryfirfærslu úr vísindasamfélaginu yfir í frumkvöðlasamfélag og atvinnulíf. Framkvæmdastjóri SI situr í stjórn Auðna Tæknitorgs.

Nýsköpunarmót Álklasans

Nýsköpunarmótið sem er haldið árlega er samstarfsverkefni Álklasans, Samtaka álframleiðenda, Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Að þessu sinni fór mótið fram í Háskólanum í Reykjavík þar sem flutt voru erindi og afhentar hvatningarviðurkenningar.

Team Spark

SI eru bakhjarl Team Spark sem er lið nemenda við HÍ sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í Formula Student keppninni þar sem lið frá mörgum af bestu tækni-háskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn. Liðsmenn Team Spark hafa haldið kynningar í grunnskólum landsins, kynnt námið sitt og hvernig það tengist hönnun bílsins.

Iðning 2023

Ályktun Iðnings 2023 samþykkt á aðalfundi 9. mars

Stærstu vaxtartækifærin liggja í iðnaði

Öflugur iðnaður er undirstaða góðra lífskjara á Íslandi. Iðnaður stendur að baki stórum hluta verðmætasköpunar í hagkerfinu og útflutningstekna Íslands. Iðnaður skapar 44% útflutningstekna, veltir hátt í tvö þúsund milljörðum og í iðnaði starfa 47 þúsund manns og er þannig umfangsmesta útflutningsgreinin á þessa mælikvarða.

Undanfarin ár hefur ríkt mikil óvissa sem ekki sér fyrir endann á. Eftir heimsfaraldur og innrás Rússa í Úkraínu hafa flestir kostnaðarþættir hækkað og horfur til skamms tíma eru því ekki jákvæðar. Horfur til meðallangs tíma eru hins vegar bjartar. Grunnur aukinnar verðmætasköpunar felst í auknum útflutningi á vörum og þjónustu. Tvær af fjórum stóðum útflutnings Íslenska hagkerfisins heyra til iðnaðar, þ.e. hugverkaiðnaður og orkusækin iðnaður. Horfur eru á enn meiri vexti í útflutningi iðnaðar á næstu árum. Ef rétt er að málum staðið gæti hagvöxtur orðið meiri en opinberar spár gera nú ráð fyrir vegna þessa. Stærstu tækifærin til vaxtar Íslenska hagkerfisins til framtíðar liggja í iðnaði.

Samtök iðnaðarins hafa um árabil hvatt stjórnvöld til að efla samkeppnishæfni Íslands. Það er gert með umbótum í menntamálum, hvötum til fjárfestinga í nýsköpun, innviðauppgjöngu, og einföldu og skilvirku regluverki og starfsumhverfi fyrirtækja. Tryggja þarf aukið framboð af grænni orku til fullra orkuskipta og uppbyggingar í iðnaði um land allt, fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum.



Orku- og loftslagsmál

- Lönþing skorar á stjórnvöld að greiða götu framkvæmda í þágu orkuskipta. Rjúfa þarf áralanga kyrrstöðu í orkuöflun til að mæta raforkuþörf vegna orkuskipta á Íslandi og nýrra tækifæra í iðnaði. Skortur á raforku hefur þegar leitt til tapaðra tækifæra í iðnaði og atvinnuuppbyggingu um land allt á síðustu árum. Bæta þarf flutningskerfi raforku í þágu orkuöryggis, bættrar orkunýtingar og aðgengis að raforku um land allt. Við þessu þarf að bregðast hratt.
- Endurskoða þarf aðgerðir í loftslagsmálum og forgangsraða fjármagni ríkisins í hvata og styrki til orkuskipta og tækniinnleiðingar til þess að ná markmiðum stjórnvalda og draga úr losun á Íslandi í grænni iðnbyltingu. Verði það ekki gert með afgerandi hætti mun Ísland verða eftirbátur annarra ríkja í þessum efnum og mun það koma niður á samkeppnishæfni til framtíðar.

Mannauðsmál

- Kallað er eftir auknu samstarfi við stjórnvöld og skólasamfélagið um að hvetja fleiri til náms í iðngreinum og í STEM greinum auk þess að sameinast um aðgerðir til að draga úr brottfalli þannig að fleiri útskrifist úr þessum greinum. Stjórnvöld þurfa samhliða að stórauka fjárframlög til þessara greina og bæta aðgengi um allt land til að tryggja að öll sem vilja hefja nám eigi þess kost.

Nýsköpun

- Lönþing skorar á stjórnvöld að festa skattahvata vegna rannsókna og þróunar í sessi til frambúðar en það mun skapa aukinn fyrirsjáanleika og stuðla að því að fyrirtæki geri langtímaáætlanir um fjárfestingu í rannsóknum og þróun hér á landi.
- Greiða þarf götu erlendra sérfræðinga til Íslands. Aðgerðum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um einföldun ferla er fagnað en huga þarf að alþjóðlegum skólum og öðru sem einfaldar aðgang fólks að íslensku samfélagi.

Húsnæðismál og innviðir

- Yfirlýsingu innviðaráðherra um uppbyggingu 35 þúsund íbúða á næsta áratug er fagnað sem og samkomulagi við Reykjavíkurborg. Lönþing skorar á önnur sveitarfélög að gera samþærilega samninga en slíkt leggur grunn að stöðugleika á húsnæðismarkaði en á sama tíma þarf að grípa til markvissra aðgerða til að bæta starfsumhverfi húsbyggjenda.
- Stórauka þarf framlög til rannsókna í mannvirkjagerð til að undirbyggja aukin gæði, draga úr tjóni og stuðla að framþróun til að mæta áskorunum tengdum umhverfismálum og aukinni tæknivæðingu í iðnaði.
- Lönþing minnir á að uppsöfnuð viðhaldsþörf í innviðum landsins er mjög mikil og skorar á stjórnvöld – ríki og sveitarfélög – að vinna á uppsafnaðri þörf, eftir atvikum með samvinnu við einkamarkaðinn, á næstu árum samhliða nýfjárfestingum.


Starfsumhverfi

- Flækjustig í regluverki er óþarflega mikið og stendur það uppbyggingu í iðnaði fyrir þrífum. Lönþing skorar á stjórnvöld að setja einföldun regluverks og eftirlits með starfsemi fyrirtækja í forgang og stuðla þannig að auknum stöðugleika í rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi.





Stefna SI til 2025



Stefna SI til 2025

Samtök iðnaðarins vinna eftir stefnu sem stjórn SI samþykkti fyrir árabilið 2022 til 2025.

Græn iðnbylting

Í samræmi við stefnu Samtaka iðnaðarins verður lögð áhersla á græna iðnbyltingu á næstu árum. Árið 2022 var helgað grænni iðnbyltingu þar sem áhersla var lögð á umhverfis- og loftslagsmál. Framundan eru verkefni sem kalla á að starfs-umhverfi fyrirtækja verði eflað á þessu sviði þannig að markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutlaust og jarðefnalaust Ísland verði náð fyrir árið 2040.

Framtíðarsýn samtakanna er skýr í þessum málum og felst í því að Ísland sé og verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í umhverfis- og orku-málum sem mun skapa íslenskum iðnaði samkeppnisforskot. Sú sýn er einnig í samræmi við áherslur aðildarfyrirtækja að SI verði leiðandi afl á þessu sviði og í opinberri umræðu.



Mannauður



Mennta- og mannauðsmál skipta miklu máli fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í menntun landsmanna þar sem stefnt er að því að menntakerfið leiði saman færni mannauðs og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Mennta- og mannauðsmál skipta miklu máli fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í menntun landsmanna þar sem stefnt er að því að menntakerfið leiði saman færni mannauðs og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Ljóst er að skortur á vinnuafli hefur verið dragbítur á vöxt iðnaðarins síðustu ár og dýrmæt tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar hafa farið forgörðum vegna þess að ekki hefur verið nægjanlegt framboð vinnuafis með rétta færni og menntun. Íslenskt menntakerfi hefur ekki náð að svara kalli atvinnulífsins en skortur er á fólki með iðnmenntun og menntun í STEAM-greinum. Þannig er Ísland í 87. sæti af 132 löndum hvað varðar útskrifaða úr STEAM-greinum á háskólastigi á Global Innovation Index árið 2023. Í könnun sem SI létu gera meðal forsvarsmanna iðnfyrirtækja á árinu kom fram að það er skortur á starfsfólki í 48% iðnfyrirtækja. Af þeim segja 56% að það skorti iðnmenntað starfsfólk sem er talsvert herra hlutfall en mælist gagnvart annarri menntun. Í greiningu sem SI birtu á árinu kom fram að á sama tíma og umtalsverður skortur er á iðnmenntuðu starfsfólki hefur 600–1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi á haust- og vorönn. Niðurstöður könnunar sem SI létu gera meðal forsvarsmanna iðnskóla (iðn-, verk- og starfsnámsskóla) landsins sýna að meginástæðurnar fyrir synjun á námsplássi eru skortur á fjármagni og viðeigandi húsnæði. Í því ljósi fögnuðu SI því á árinu að mennta- og barnamálaráðuneytið væri með í undirbúningi stækkun helstu iðnskóla landsins ásamt nýju og stærra húsnæði fyrir Tækniskólann.

Nemastofa sem brúar bilið milli fyrirtækja, nema og skóla hefur sannað gildi sitt og er öflugur vettvangur í þjónustu við starfsnema. Tæplega 1.000 fyrirtæki voru skráð á birtingaskrá í lok nóvember 2023. Endurnýja þarf samning um stuðning mennta- og barnamálaráðuneytisins við Nemastofu atvinnulífsins. SI hvöttu á árinu stjórnvöld til þess að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 100% hærri en þau eru nú, ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum.

Á árinu 2023 hætti Menntamálastofnun afgreiðslu umsókna um viðurkenningu faglegar menntunar iðnaðarmanna og færðist verkefnið tímabundið til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis. ENIC NARIC skrifstofan tók við afgreiðslu umsókna um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu erlendra iðnaðarmanna samkvæmt reglugerð nr. 585/2011. Í breytingarferlinu bentu SI ráðamönnum á að mikilvægt væri að fella 9. gr. reglugerðarinnar út, að hún ætti ekki við á Íslandi, varðandi afmarkaða viðurkenningu á iðngrein. Ráðuneytið féllst á að 9. gr. reglugerðarinnar varðandi afmarkaða viðurkenningu verði felld niður í heilu lagi.

Á árinu lögðu SI áherslu á endurskoðun laga um vinnustaðanámssjóð. Rafrænar ferilbækur eru nú virkar í 29 greinum af 34 sem eru með starfsnema. Með tilkomu Nemastofu atvinnulífsins jókst yfirsýn yfir fjölda nemenda í vinnustaðanámi auk þess sem aðgengi nemenda að starfsnámi var bætt og einfaldað. Þannig verður hægt að mæta þörfum atvinnulífsins og hægt að tryggja að mannauðurinn búi yfir færni sem stenst samanburð við það sem best gerist.

Hlutfall fullorðinna sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi er aftur á uppleið miðað við síðustu ár en það var komið í 21% árið 2020 og er núna að skriða upp í 22%, en var 27% árið 2012. Skoða þarf þessar tölur í víðara samhengi miðað við mannfjölda en fjöldi innflytjenda hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum.

SI fögnuðu því á árinu að til standi að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðsluakerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Framhaldsfræðslan nýtur dyggilegrar aðstoðar raunfærnimats til þess að meta hæfni fólks í áframhaldandi nám. Með aðferðum raunfærnimats fær fólk fyrri reynslu, s.s. þátttöku á vinnumarkaði, metna á mótí námskrám eða hæfnikröfum starfa og getur þannig flýtt fyrir námslokum.

Háskólar og rannsóknarstofnanir gegna víðamiklu hlutverki í að ná fram áherslum stjórnvalda í gildandi stjórnarsáttmála. Eitt af mikilvægustu verkefnum á háskólastiginu var að endurskoða reglur um fjárveitingar til háskóla. Það skiptir miklu máli að vel takist til og standa vonir til að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEAM fögum. Hlutfallið er 25% á Íslandi en yfir 30% að meðaltali í löndum OECD. SI hafa lagt áherslu á að stjórnvöld líti á útgjöld til menntunar sem fjárfestingu til framtíðar sem mun skila sér í öflugu menntakerfi sem tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma.

Bein aðkoma SI að menntastofnunum



Meðal samstarfsaðila SI í menntamálum má nefna:



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið





Innviðir



Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum á innviðum landsins þar sem stefnt er að því að þeir uppfylli þarfir atvinnulífs og almennings. Mikilvægt er að innviðir séu í góðu standi en þeir spila lykilhlutverk í verðmætasköpun iðnfyrirtækja. Framtíðarsýn stjórnar SI felst í því að innviðir Íslands séu samkeppnishæfir við það sem best gerist í öðrum löndum.

Mannvirkjaráð SI gaf út á árinu nýja stefnu ráðsins sem leggur m.a. áherslu á stöðuga innviðafjárfestingu sem mætir þörfum landsins. Í þeirri áherslu er stefnt að því að tryggja raunhæfar og fyrirsjáanlegar áætlanir um uppbyggingu innviða sem fyrirtæki í mannvirkjainnaði geti tekið mark á, draga úr sveiflum í nýfjárfestingu og viðhaldi innviða, nýfjárfesting í innviðum sé í takti við þarfir samfélagsins, gæði innviða séu tryggð með fullnægjandi viðhaldi og að þjóðhagslegt mikilvægi sé haft að leiðarljósi við uppbyggingu og viðhald innviða.

Á Útboðsþingi SI 2023 kynntu fulltrúar opinberra aðila fyrirhuguð útboð verklegra innviðaframkvæmda fyrir samtals 173 milljarða króna samanborið við 108 milljarða árið á undan. Fyrirhuguð útboð segja hins vegar ekki alla söguna hvað varðar framkvæmdir á árinu þar sem það geta verið verk sem klárast ekki endilega innan ársins. Auk þess verður stundum ekki af útboðum eða þau frestast eins og sjá mátti á raunútboðum ársins 2022 sem námu 65 milljörðum eða 43 milljörðum lægri lægri fjárhæð en áætlanir gerðu ráð fyrir það árið.

Áætluð fjárfesting í verklegum framkvæmdum opinberra aðila sem fram komu á þinginu árið 2023 námu 131 milljarði sem er um 35 milljörðum meira en árið 2022. SI leggja áherslu á mikilvægi þess að fjárfesting í innviðauppbýggingu sé næg og viðhaldi innviða sinnt en með því er rennt stöðum undir hagvöxt framtíðarinnar. Sú aukning sem boðuð var í fjárfestingum verklegra framkvæmda var því fagnaðarefni að mati SI í ljósi þess að innviðaframkvæmdir eru fjárfesting í lífsgæðum þjóðarinnar, samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagvexti framtíðarinnar.

Mikil uppsöfnuð nýframkvæmda- og viðhaldsþörf er hins vegar til staðar í inn-

viðakerfinu hér á landi, líkt og kemur fram í skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur, og þ.a.l. mikilvægt að auka enn frekar á þá fjárfestingu og mæta þörfinni á næstu árum. SI telja því mikilvægt að ekki sé dregið úr útboðum opinberra fjárfestinga á sviði innviða. Þvert á móti er ástæða til að auka útboð fjárfestinga í innviðum og tryggja framgang efnahagslega arðbærra verkefna á því sviði.

Í umsögn SI um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 lögðu samtökin áherslu á nauðsyn aukinna nýfjárfestinga í samgönguinnviðum til að mæta þörfum atvinnulífs og samfélagsins í heild og byggðu umsögn sína á nýsamþykktri stefnu Mannvirkjaráðs SI. Samtökin höfðu áhyggjur af ófullnægjandi viðhaldi samgönguinnviða, þá sérstaklega vegakerfisins og vísuðu þar til uppsafnaðrar viðhaldsskuldar vegakerfisins en fjárlögin gerðu ekki ráð fyrir því að mæta árlegri viðhaldsþörf og þ.a.l. áframhaldandandi skuldasöfnun vegna viðhalds vegakerfisins. Samtökin fögnuðu þá áherslum frumvarpsins um að styðja við orkuskipti og uppbyggingu innviða en samtökin ítrekuðu hins vegar mikilvægi þess að rjúfa áralanga kyrrstöðu í orkuöflun til að mæta raforkuþörf vegna orkuskipta og nýjum tækifærum í fjölbreyttum iðnaði auk notkunar á nýjum orkukostum og bættri orkunýtni, s.s. vindorku á landi og á hafi sem og nýtingu glatvarma.

Með gerð rammamasnings ríkisins við sveitarfélög um aukið framboð íbúða 2023–2032 sem kynntur var árið 2022 voru mörkuð skil í stefnumörkun stjórnvalda á sviði húsnæðismála þar sem ríki og sveitarfélög skuldbinda sig með skýrum hætti til að skapa stöðugan húsnæðismarkað og styðja við þróun og uppbyggingu fjölbreytts íbúðarhúsnæðis um land allt. Ljóst er af greiningum SI og Húsnæðis-

og mannvirkjastofnunar um íbúðir í byggingu sem voru kynntar á árinu að grípa þarf til markvissra og fjármagnaðra aðgerða til að mæta íbúðapörf landsmanna núna og næstu árin.

Samkvæmt þeim fjölmörgum greiningum sem SI gáfu út á árinu er ljóst að íbúðauppbygging stefnir í öfuga átt og framundan er umtalsvert ójafnvægi á íbúðamarkaði sökum þess að of fáar íbúðir eru byggðar. Aðgerðir til úrbóta eru margbættar, og eru m.a. upplistaðar í framangreindum rammamasningi, og lúta bæði að ríki og sveitarfélögum. Samtökin hafa verið ötul við að benda á að framangreind áform munu ekki ganga eftir í óbreyttu ástandi og mótmæltu því m.a. harðlega þegar stjórnvöld lækkuðu fyrirvaralaust endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á verkstað. Samtökin hafa einnig ítrekað stigið fram og lýst yfir miklum áhyggjum af þeim lóðarskortum sem blasir við verktökum sem standa að uppbyggingu. Þá hafa samtökin talað fyrir endurskoðun á vaxtamörkum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í þeim tilgangi að fjölga lóðum sem hægt er að nýta í hagkvæmari uppbyggingu sem kallað hefur verið eftir.

Þá hafa samtökin einnig skilað fjölmörgum umsögnum um bætt regluverk og stefnu í húsnæðismálum á árinu, t.d. vegna hvít- og grænbókar í húsnæðismálum sem og grænbókar í skipulagsmálum. Á árinu hófst einnig vinna við endurskoðun á byggingarreglugerð sem samtökin hafa lengi kallað eftir. Framkvæmdastjóri SI situr í stýrihóp ráðherra um endurskoðun á byggingarreglugerðinni og að öðru leyti tilnefndu samtökin fjölmarga félagsmenn í þá vinnu sem HMS hefur stýrt í umboði ráðherra.



Nýsköpun

RÖSSUR



Nýsköpun var á árinu eftir sem áður eitt af helstu áherslumálum Samtaka iðnaðarins en samtökin hafa um árabil vakið athygli á því að fjárfesting í nýsköpun er fjárfesting í framtíðarhagvexti, verðmætasköpun og samkeppnishæfni.

Umgjörð og skilyrði til nýsköpunar á Íslandi hafa tekið miklum og jákvæðum breytingum á síðustu árum. SI hafa lagt ríka áherslu á eflingu nýsköpunar og hvatt stjórnvöld til þess að skapa skilyrði fyrir því að nýsköpun verði drifkraftur framtíðarvaxtar á Íslandi. Með aukinni nýsköpun, meðal annars fjárfestingu í rannsóknum og þróun, verða til ný og verðmæt störf og auknar útflutningstekjur. Þá eykur nýsköpun skilvirkni í rekstri og styður við græna vegferð iðnfyrirtækja.

SI beittu sér áfram með margvíslegum hætti til þess að bæta umgjörð nýsköpunar fyrir íslenskan iðnað á árinu.

Samtökin lögðu áfram áherslu á skattahvata vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar fyrirtækja en kerfið er burðarstólpi í stuðningsumhverfi nýsköpunar. SI hafa lengi bent á nauðsyn þess að kerfið verði gert varanlegt og héldu þeim boðskap á lofti á árinu. Samtökin gáfu út greiningu á haustmánuðum sem leiddi í ljós að 93% þeirra fyrirtækja sem nýta sér skattfrádrátt vegna rannsókna og þróunar eru iðnfyrirtæki enda á nýsköpun sér fyrst og fremst stað í iðnaði. Greiningin vakti mikla athygli og var niðurstöðum hennar meðal annars stillt upp á forsiðu Viðskiptablaðsins.

Mikil vaxtartækifæri eru enn fyrir hendi í hugverkaíðnaði en áframhaldandi vöxtur í greininni er óhugsandi nema ríkt framboð sé af sérhæfðri þekkingu, reynslu og mannauði. Nauðsynlegt er að efla íslenskt menntakerfi annars vegar og hins vegar liðka fyrir komu alþjóðlega sérfræðinga til landsins. SI unnu að málefnum alþjóðlegra sérfræðinga með margvíslegum hætti, til dæmis með því að vinna tillögur þess efnis að skattfrádráttur fyrir alþjóðlega sérfræðinga verði aukinn sem kynntar voru fyrir ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og viðburði sem veitti félags-

mönnum innsýn inn í umsóknarferli um dvalar- og atvinnuleyfi fyrir erlenda sérfræðinga.

Umbætur á kaupréttarkerfi fyrir nýsköpunar-fyrirtæki eru mikilvægur liður í því að Ísland sé samkeppnishæft þegar kemur að stofnun fyrirtækja og ráðningum sérhæfðs starfsfólks og því unnu SI tillögur til umbóta á kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki. Frumvarp til þess að liðka fyrir kaupréttarsamningum í sprotafyrirtækjum var samþykkt á Alþingi síðastliðið vor og nú beita samtökin sér fyrir því að reglurnar verði útvíkkaðar til þess að ná til stærri hóps nýsköpunar- og hugverka-fyrirtækja.

Samtökin beittu sér fyrir auknu jafnrétti í sprotafjárfestingum þar sem tölfraði um vísi-fjárfestingar í sprotafyrirtækjum sýnir að teymi leidd af körlum fá talsvert meira vaxtarfjármagn en kvennateymi. Fjölbreytni í fjárfestingum er mikilvæg til þess að sporna gegn því að nýsköpun á Íslandi leiði af sér einhæf verkefni. Samtökin eru í samstarfi með Framvís og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu og héldu vinnustofu í nafni SSP til þess að vinna tillögur að úrbótum.

Í nýrri stefnu Mannvirkjaráðs SI sem kynnt var á Mannvirkjaþingi á haustmánuðum er lögð sérstök áhersla á nýsköpun sem grundvöll stöðugra og markvissra umbóta í gæðum mannvirkja. Mikilvægt er að forgangsraða í átt að auknum rannsóknum í mannvirkjagerð en brýn þörf er á bæði grunn- og hagnýtum rannsóknum til að undirbyggja núverandi byggingaraðferðir en jafnframt til að stuðla að nýsköpun til að mæta fyrirliggjandi þörf fyrir breytingar, t.d. vegna aukinnar áherslu á vistvæna uppbyggingu.

Mikil tækifæri eru til nýsköpunar í matvælaíðnaði og því lögðu samtökin áherslu á að

vekja athygli á íslenskum fyrirtækjum sem standa framarlega á þeim vettvangi. Matvælaráð SI stóð fyrir málstofu um nýsköpun í matvælaíðnaði á haustmánuðum. Þá hafa samtökin skoðað regluverk í kringum matvælaíðnað hér á landi sem þarf að uppfæra með tilliti til framfara í iðnaðinum.

Samtökin voru fyrirferðarmikil í Nýsköpunarvikunni en SI stóðu að eða tóku þátt í tíu viðburðum á hátíðinni.

Fulltrúar SI í nýsköpunarsamstarfi

SI er aðili að ýmsum samstarfsverkefnum í þágu eflingar nýsköpunar hér á landi. Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI er varaformaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. SI er hluthafi í KLAKE með það að markmiði að styðja við uppbyggingu á stuðningsumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar á fyrstu stigum á Íslandi. Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI er formaður stjórnar KLAKE. SI eru bakhjarnir Hringið, hraðals á vegum KLAKE fyrir sprota sem þróa lausnir til að hraða orkuskiptum. Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði situr í stýrihópi Hringið. SI tilnefna fulltrúa og varafulltrúa í stjórn Tækniþróunarsjóðs. Auk þess eru margvíslegir fulltrúar SI fulltrúar í fagræðum Tækniþróunarsjóðs en fagræðin meta umsóknir um styrki. Framkvæmdastjóri SI er auk þess stjórnarmaður í Auðnu-Tæknitorgi, tækniveitu sem sinnir tækni- og þekkingaryfirfærslu úr vísindasamfélaginu yfir í frumkvöðlasamfélag og atvinnulíf. Vísinda- og tækniráð var endurnefnt Vísinda- og nýsköpunarráð á árinu auk þess sem skipað var í það að nýju. Fulltrúi SI var í tilnefningarnefnd forsætisráðherra um skipan í ráðið ásamt fulltrúum verkafélags-hreyfingarinnar og háskólanna.



Starfsumhverfi





Samtök iðnaðarins beita sér fyrir að starfsumhverfi fyrirtækja sé samkeppnishæft og renni þannig stoðum undir öflugan iðnað hér á landi. Samtökin hafa lagt áherslu á að starfsumhverfið sé stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt í samanburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila.

Stöðugt starfsumhverfi skapar skilyrði fyrir samkeppnishæft atvinnu- og efnahagslíf en með stöðugleika er lagður grunnur að fjárfestingum í hagvexti framtíðarinnar. Hagkvæmt starfsumhverfi skapar samkeppnisforskot þegar álögur skatta og gjalda eru lágar í alþjóðlegum samanburði sem gefur fyrirtækjum sterkari stöðu í samkeppni við erlenda keppinauta og eykur þannig verðmæta- og atvinnusköpun. Samtökin unnu á árinu að þeim 26 umbótartillögum sem komu fram í skýrslu samtakanna „Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi“ sem birt var í ágúst 2022 en tillögurnar miða að því að bæta starfsumhverfi og samkeppnishæfni iðnfyrirtækja.

Árið 2023 einkenndist af umtalsverðum óstöðugleika í efnahagsumhverfi iðnfyrirtækja. Á árinu var verðbólga mikil og vextir háir. Mældist verðbólgan mest ríflega 10% í upphafi árs en hjaðnaði nokkuð þegar líða tók á árið og var rétt undir 7% undir lok árs. Stýrivextir voru hækkaðir á árinu og stöðu í 9,25% í lok árs og höfðu þá verið hækkaðir um 9 prósentustig frá því að vaxtahækkunarferill hófst um mitt ár 2022. Í umsögn um lagafrumvörp, greinarskrifum, viðtölum og ræðum lögðu samtökin á árinu áherslu á að renna sterkari stoðum undir stöðugleikann með því að efla framboðshlið hagkerfisins, vinna á skorti og efla framleiðni. Með þeim hætti er bæði hægt að skapa skilyrði fyrir stöðugleika og efla hagvöxt til lengri tíma.

Verulega dró úr hagvexti á árinu, bæði hér á landi og í helstu viðskiptalöndum. Hagvöxturinn mældist 1,1% á þriðja ársfjórðungi samanborið við 7,0% á fyrsta fjórðungi ársins. Fjölgun starfandi í hagkerfinu fór að sama skapi úr 6,2% í upphafi árs niður í 2,8% í lok árs. Umtalsvert hægði á vexti í iðnaðinum á sama tíma en fjölgun starfandi í greininni fór úr 7,4% í upphafi árs niður í 1,4% í lok árs. Ljóst er að starfsumhverfið á árinu 2023 var á margan hátt krefjandi fyrir iðnfyrirtæki. Bentu samtökin á þetta á árinu og hversu mikilvægt væri að stjórnvöld horfðu til þessara þátta og sköpuðu greininni gott starfsumhverfi.

Til að renna sterkari stoðum undir stöðugleika lögðu samtökin áherslu á það á árinu að nýta þá fjölmörgu þætti sem hafa áhrif á stöðugleika og vinna þar með að fjölbreyttum umbótum. Lögð var áhersla á að styðja við nýjar útflutningsstoðir þannig að þær fái svigrúm til að vaxa en með aukinni fjölbreytni atvinnulífs eykst stöðugleiki. Þá var lögð áhersla á að beita hagstjórnartækjum þannig að stutt væri við framboðshlið hagkerfisins. Einnig var mikil áhersla á að ná kjarasamningum í upphafi árs 2024 sem renna stoðum undir stöðugleika.

Skilvirkt starfsumhverfi dregur úr sóun og kostnaði í efnahagslífinu. Með einföldu regluverki og eftirliti sem er fyrirsjáanlegt og ekki óhóflega íþyngjandi er framleiðni aukin í hagkerfinu og samkeppnishæfni fyrirtækja betur tryggð. Bentu samtökin oft á þetta á árinu í m.a. umsögnum sínum um þingmál.

Staðan á vinnumarkaði skiptir fyrirtækin því gríðarlegu máli. Það skiptir fyrirtækin máli að fá hæft fólk til vinnu og launakostnaður er gjarnan stór útgjaldaliður. Að sama skapi skiptir máli fyrir fyrirtæki að fá aðföng afhent á hagstæðu verði. Þá þarf að finna starfsemiinni hentugt húsnæði. Ákvarðanir stjórnvalda sem birtast í regluverki fela í sér kröfur með tilheyrandi kostnaði og þess þarf að gæta að kröfur sem íslensk stjórnvöld setja fyrirtækjum hér á landi séu ekki íþyngjandi umfram þær kröfur sem gerðar eru í öðrum löndum. Til að stuðla að aukinni hagkvæmni í starfsumhverfi fyrirtækja lögðu samtökin áherslu á það á árinu að íþyngjandi álögur af hálfu stjórnvalda væru lækkaðar.

Í því sambandi var lögð áhersla á að minnka álögur á fyrirtæki og auka stöðugleika við innheimtu skatta og gjalda. Lögð var áhersla á að gæta hófs við álagningu umhverfisgjalda og tryggja að þau skili sér í umhverfis- og loftlagsaðgerðir. Unnið var að því að settur yrði skýrari lagarammi um heimildir sveitarfélaga til innheimtu innviðagjalda og gera þjónustugjöld gagnsærri. Þá var unnið að því að samræma virðisaukaskattskerfið og tryggja þannig sanngjarna og skilvirka framkvæmd til að koma í veg fyrir að virðis-

aukaskattur veiki samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Einnig var lögð áhersla á að nýta efnahagslega hvata til að ná fram stefnu-markmiðum.

Ein grundvallarforsenda bættrar samkeppnishæfni íslenskra iðnfyrirtækja er að starfsumhverfi fyrirtækja sé skilvirkt í samanburði við önnur lönd og hafa samtökin á árinu lagt ríka áherslu á að jafnræðis sé gætt. Til að stuðla að aukinni skilvirkni lögðu samtökin áherslu á það á árinu að jafnræði fyrirtækja á markaði sé tryggt og lagasetning sé bætt með viðtækara mati á íþyngjandi áhrifum nýrra ákvæða.

Einnig hafa samtökin lagt áherslu á að greina íslenska hagsmuni markvisst og tímanlega við þróun Evrópureglna og fylgja mikilsverðum hagsmunum eftir af festu. Hafa samtökin bent á að innleiða þarf Evrópureglur án íþyngjandi viðbótarkvaða og birta þarf skrá yfir opinberar eftirlitsreglur. Í þessum anda voru á árinu lögð drög að Framleiðsluþingi SI þar sem þessar áherslur yrðu ræddar. Mikilvægt er að mati samtakanna að einfalda framkvæmd eftirlits og útvista til einkaaðila. Einnig þarf að samræma stjórnsýslu sveitarfélaga og einfalda meðferð kærumála. Bæta þarf eftirlit með lögvernduðum iðngreinum. Þá hafa samtökin lagt áherslu á að gera samkeppniseftirlit hraðvirkara og fyrirsjáanlegra. Draga þarf úr opinberum samkeppnisrekstri og tryggja samkeppnislegt hlutleysi á markaði.

Einnig bentu Samtökin á það á árinu að auka þarf markvisst útvistun hins opinbera á sérfræðiþjónustu og vanda þarf betur gerð útboðsskilmála og framkvæmd opinberra innkaupa og bæta eftirlit með þeim. Síðast en ekki síst lögðu samtökin áherslu á það á árinu að leiðbeiningar ríkisstofnana séu bætтар.



Orka og umhverfi





Raforkumál

Samtök iðnaðarins hafa þungar áhyggjur af stöðu raforkumála á Íslandi og ítrekað komið á framfæri ábendingum um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið allt. Hafa þær áhyggjur raungerst. Á árinu voru lögð fram frumvörp um breytingar á raforkulögum til að takast á við raforkuskort, þ.e. forgangsröðun og skömmtum raforku. Hagsmunagæsla þessu tengt var fyrirferðamikil á árinu. SI hafa í umsögnum og umræðu ítrekað mikilvægi þess að tryggja raforku fyrir alla notendur, jafnt heimili sem og allt atvinnulíf, en gagnrýnt þær leiðir sem boðaðar hafa verið til að takast á við stöðuna í raforkumálum. SI munu áfram beita sér fyrir breytingum á löggjöf í átt að skilvirkara og samkeppnishæfu starfsumhverfi raforkumála, þ.m.t. að tryggja að ávallt sé til staðar næg raforka í þágu atvinnulífs og heimila.

Norræn samvinna

Á árinu tók aftur til starfa faghópur systursamtaka SI á Norðurlöndum á sviði orku- og umhverfismála. SI voru virk í því samstarfi á árinu. Meðal þeirra verkefna sem unnin voru á þeim vettvangi var samantekt á áherslum samtakanna og væntingar gagnvart COP 28 sem kynnt var fyrir fulltrúum ESB í Brussel á sérstökum viðburði. Stefnt er að því efla þetta norræna samstarf enn frekar á árinu, þ.m.t. að fylgjast með þróun þessara mála á vettvangi ESB og gæta þar hagsmuna hinna norrænu samtaka við þá stefnumótun.

Meðhöndlun úrgangs

Úrgangsmál eiga ríka samleið með starfsemi aðildarfyrirtækja SI og er hagsmunagæsla samtakanna umfangsmikil á því sviði. Þá eiga SI fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs en á árinu 2023 hafa átt sér stað umfangsmiklar breytingar á starfsemi sjóðsins, m.a. að auka rekjanleika, gagnsæi og upplýsingagjöf í samræmi við úrbótaáætlun sem sjóðurinn hefur sett sér. Þá eru SI virk í samstarfi systursamtaka á Norðurlöndum á þessu sviði en SI eiga fulltrúa í faghópi á þeim vettvangi.

Orkuskiptanefnd FVE

Félag vinnuvélaeigenda stofnuðu sérstaka orkuskiptanefnd sem hefur m.a. það hlutverk að gæta hagsmuna félagsmanna þegar kemur að kröfum um orkuskipti, tryggja samræmda nálgun í útboðsskilmálum verkkaupa sinna, stíga fram í opinberri umræðu um orkuskipti vinnuvéla og nauðsynlega innviðaupbyggingu, stuðla að opinberum niðurgreiðslum við kaup á hreinorkutækjum og standa fyrir fræðslufundum og ráðstefnum. Orkuskiptanefndin hefur þegar tekið til starfa og hefur m.a. kallað eftir svörum frá opinberum verkkaupum er lúta að kröfum þeirra til umhverfissvæns tækjabúnaðar í verklegum framkvæmdum á þeirra vegum.

Loftslagsvegvisar atvinnulífsins

SI, ásamt öðrum hagsmunasamtökum, unnu að gerð Loftslagsvegvisa atvinnulífsins þar sem dregnar voru fram áskoranir sem atvinnulífið stendur frammi fyrir hvað varðar loftslagsmál. Í vegvísunum rýndu atvinnugreinar eigin starfsemi og lögðu mat á losun gróðurhúsalofttegunda, settu sér mælanleg markmið um samdrátt í losun og settu fram aðgerðir á því sviði. Þá voru greindar kerfislegar hindranir sem hið opinbera þarf að endurskoða svo unnt verði að flyta fyrir bættum árangri. Við mat á atvinnugreinum var horft til losunarbókhalds og á vettvangi SI voru það kísiliðnaður, álframleiðsla og mannvirkjagerð sem unnu sérstaka vegvísar fyrir sína starfsemi. Vegvísarnir voru afhentir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í Hörpu í júní 2023. Binda samtökin og fyrirtæki vonir við að stjórnvöld taki tillit til þessara vegvísar við aðgerðaráætlanir sínar og stefnumörkun.

Sjónarmið SI um loftslagsmarkmið Íslands kynnt fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis boðaði fulltrúa SI á opinn fund nefndarinnar í apríl til að kynna sjónarmið SI um loftslagsmarkmið Íslands. Á fundinum lögðu SI m.a. áherslu á mikilvægi þess að stuðla að um-

breytingu í orkumálum heimsins með áherslu á græna orku en breytingarnar krefjast tækniþróunar með nýsköpun og svo fjárfestingu í innleiðingu tækni. Ítrekað var mikilvægi þess að stefnumörkun stjórnvalda taki mið af þessu og greiði götu þessara umskipta. Ítrekað fulltrúar SI að tími aðgerða er runninn upp og íslensk stjórnvöld þurfa að setja rétta hvata til að greiða götu umbreytinga.

Ráðstefna um framtíð orkumála

Í mars var haldinn ráðstefna á vegum SI og Samtaka rafverktaka um framtíð orkumála. Var þar farið yfir stöðu og þörf í orkuinnviðum á Íslandi í ljósi loftslagsmarkmiða. Var gefin innsýn í nýja tækni vindorku og sólarorku ásamt áskorunum og tækifærum á þessu sviði. Þá var horft til þess hvaða færni fagfólk þarf að búa yfir í framtíðarupbyggingu orkuinnviða.

Byggjum grænni framtíð og þróun í vistvænni mannvirkjagerð

Vegvísirinn Byggjum grænni framtíð var gefin út árið 2022, en um er að ræða samstarfsvettvang stjórnvalda og atvinnulífs um vistvæna mannvirkjagerð. Á árinu tók SI þátt í að koma markmiðum og aðgerðum vegvísins til framkvæmda, en settar voru fram 74 aðgerðir og er 13 aðgerðum lokið, 48 í vinnslu og 13 ekki hafnar. Á árinu var unnið að undirbúningi innleiðingar lífsferilsgreininga með aðstoð sérfræðinga, einkum frá öðrum Norðurlöndum, til að forsendur og afmörkun í íslenskum lífsferilsgreiningum verði sú sama og hægt verði að bera saman greiningar og meta heildarlosun íslenska byggingariðnaðarins ásamt því að draga úr heildarlosun. Þá hefur fjöldi styrkja verið veittir til verkefna sem tengjast m.a. rannsóknum á vistvænni steypu og endurnýtingu byggingarefna.



Alþjóðleg hagsmunagæsla og samstarf



Samtök iðnaðarins eru í margvíslegum alþjóðlegum tengslum, bæði á norrænum vettvangi og í Evrópu.

Business Europe

Business Europe (BE) eru öflugustu samtök atvinnurekenda gagnvart ESB. Um 45 samtök frá álíka mörgum löndum eiga aðild að BE. SI hafa lengi átt aðild að BE en auk þess eiga SA aðild að BE. Á vettvangi BE er rekið öflugt starf. Fjölmargir málefnaþópar fjalla um hagsmunamál atvinnulífs og iðnaðar. Formaður og framkvæmdastjóri SI sóttu aðalfund Business Europe í Brussel í nóvember. Fulltrúar SI sátu einnig fund Business Europe sem haldinn var í Madrid á Spáni í júní.

Ráðgjafarnefnd EFTA og EES

Samtök iðnaðarins hafa, ásamt Samtökum atvinnulífsins, átt sæti í ráðgjafarnefnd EFTA og EES síðastliðin ár og gegna formennsku í nefndinni árið 2024. Ráðgjafarnefndin er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA ríkjunum fjórum og er ráðgefandi fyrir fastanefnd og ráðherraráð EFTA í málefnum fríverslunar og EES-samningsins. Varðar það meðal annars framkvæmd og virkni EES samningsins og löggjöf sem innleidd er frá Evrópusambandinu. Áherslur nefndarinnar fyrir árið 2024 voru mótaðar haustið 2023 en meginmarkmið er að efla samkeppnishæfni ríkjanna og hafa markviss áhrif á áherslu- og stefnumál innan EFTA og EES á sviðum sem hafa áhrif á atvinnulíf og vinnumarkað.

Norrænt samstarf

Samtök iðnaðarins og fjölmörg félög innan SI eiga í samstarfi við norræn systursamtök og hittast árlega til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Formenn norrænna heildar-



Fundur Business Europe í Brussel.

NHO

Fulltrúar SI sátu ársfund systursamtaka SI, NHO, sem fór fram í Osló. Yfirskrift ársfundarins var Uro og var horft til þess í umfjöllunarefni að mikill óróleiki og óvissa væri í veröldinni um þessar mundir vegna stríðs, nýliðins heimsfaraldurs, orkukrísu, hækkandi verðbólgu og vaxta.

Dansk Industri

Fulltrúar SI sátu ársfund Dansk Industri sem fór fram í Herning í Danmörku. Meðal umræðuefna á ársfundinum voru áhrif gervigreindar á störf, áhrif Kína á hagkerfi heimsins, fjölbreytni í atvinnulífi og sprotafyrirtæki í grænni nýsköpun.



Framkvæmdastjóri og formaður SI á fundi DI í Herning.

Á árinu voru veittar umsagnir í eftirtöldum málum:

Alþingi, 153.-154. löggjafarþing

1. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (EES-reglur, ökutæki o.fl.), 589. mál.
2. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (sérhæfð þekking), nr. 97/2002, 645. mál.
3. Umsögn SI um frumvarp að breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, 536. mál.
4. Umsögn SI um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, 735. mál.
5. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um skráningu menningarminja, 218. mál.
6. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 118. mál.
7. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um samræmda vefgátt leyfisveitinga og einföldun á ferli við undirbúning framkvæmda, 209. mál.
8. Umsögn SÍK og SI um frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar), 899. mál.
9. Umsögn SI um um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028, mál nr. 894/2023.
10. Umsögn SI og SLH um frumvarp til laga – lyfjalög og lækningatæki (upplýsingar um birgðastöðu), 938. mál.
11. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um tekjuskatt (eftirlitsheimildir, endurgreiðsla og séreignarsparnaður), 952. mál.
12. Umsögn SI og IEI um frumvarp til laga um mennta- og skólaþjónustustofu, 956. mál.
13. Umsögn SÍK um frumvarp til laga um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð og myndmiðlun o.fl.), 979. mál.
14. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023–2026, 978. mál.
15. Umsögn SA og SI um frumvarp til laga, útlendingalög (dvalarleyfi), 944. mál.
16. Umsögn SI um frumvarp til breytinga á lögum um handiðnað (útgáfa sveinsbréfa), 948. mál.
17. Umsögn SI um þingsályktunartillögu um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, 982. mál.
18. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um stofnun ríkisfélags um rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi, 430. mál.
19. Umsögn SI um frumvarp að breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum, 983. mál.
20. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi o.fl.), 943. mál.
21. Umsögn SI um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024, 1. mál.
22. Umsögn SI og SLH um frumvarp til laga, lyfjalög og lækningatæki (upplýsingar um birgðastöðu), 224. mál.
23. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (hagkvæmar íbúðir), 183. mál.
24. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, 234. mál.
25. Umsögn SI og SA um tillögu til þingsályktunar um samgöngu-áætlun fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024–2028, 315. mál.
26. Umsögn SI og IEI um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál.
27. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (raforkuöryggi o.fl.), 943. mál.
28. Viðbótarumsögn SI og Samtaka menntatæknifyrirtækja vegna frumvarps til laga um Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu, 238. mál.
29. Umsögn um breytingu á reglugerð nr. 585/2011 viðurkenning á menntun og starfsreynslu til starfa í löggilttri iðn hér á landi.
30. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (EES-reglur), 400. mál.
31. Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun, 479. mál.
32. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, forgangsorka, 541. mál.
33. Umsögn SI um frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, 543. mál.
34. Umsögn SI og SA um tillögu að þingsályktun um húsnæðis-stefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024–2028, 509. mál.

Samráðsgátt

1. Umsögn SI um drög að frumvarpi að breytingu á raforkulögum, mál nr. 17/2023.
2. Umsögn SI um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu, mál 31/2023.
3. Umsögn SI um áform um breytingar á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (raforkuöryggi), mál nr. 34/2023.
4. Umsögn SI um drög að breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, mál nr. 35/2023.
5. Umsögn SLH og SI um drög að frumvarpi til laga – Upplýsingar um birgðastöðu lyfja og lækningatækja, mál nr. 28/2023.
6. Umsögn SI um grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál, mál nr. 33/2023.
7. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, mál nr. 50/2023.
8. Umsögn SI um drög að frumvarpi að breytingu á raforkulögum, mál 46/2023.
9. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (eftirlitsheimildir Skattsins og ráðstöfun séreignarsparnaðar), mál nr. 55/2023.

10. Umsögn SI um drög að fumvarpi til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi), mál nr. 48/2023.
 11. Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga, mál nr. 59/2023.
 12. Umsögn SI um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um handiðnað (útgáfa sveinsbréfa), mál nr. 53/2023.
 13. Umsögn SI um áform um gerð Vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2030, mál nr. 74/2023.
 14. Umsögn SI, SA, SAF, SFS, SVÞ og VÍ um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, mál nr. 173/2023.
 15. Umsögn SI um hvítbók um samgöngumál og umhverfis-matsskýrslu, mál nr. 66/2023.
 16. Umsögn SI um drög að reglugerð um lista yfir störf sem falla undir 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, mál nr. 97/2002.
 17. Umsögn SAF, SI og SA um drög að reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna, mál nr. 106/2023.
 18. Umsögn SÍK um drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026, mál nr. 107/2023.
 19. Umsögn SI og IEI um drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026, mál nr. 107/2023.
 20. Umsögn SI um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024–2038, mál nr. 112/2023.
 21. Umsögn SI um tillögu um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis, mál nr. 123/2023.
 22. Umsögn SI og SA um áform um lagasetningu til breytinga á skipulagslögum (tímabundnar uppbyggingarheimildir), mál nr. 129/2023.
 23. Umsögn SI og SA um grænbók um skipulagsmál, mál nr. 145/2023.
 24. Umsögn SI um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla (vinnustaðanám, innritun o.fl.), mál nr. 157/2023.
 25. Umsögn SI og SA um hvítbók um húsnæðismál, mál nr. 139/2023.
 26. Umsögn SI um áform um frumvarp til breytinga á lögum um háskóla, nr. 63/2006, mál nr. 153/2023.
 27. Umsögn SA og SI um frumvörp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og minjastofnun, mál nr. 168/2023.
 28. Umsögn SA og SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, mál nr. 166/2023.
 29. Umsögn SI um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, 169/2023.
 30. Umsögn SI um áform um breytingu á raforkulögum í tengslum við viðskiptavettvang raforku, mál nr. 184/2023.
 31. Umsögn SI áform áform um lagasetningu um þjónustugjöld Orkustofnunar, mál nr. 184/2023.
 32. Umsögn SA og SI um áform um sameiningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, mál nr. 103/2023.
 33. Umsögn SI um drög að breytingu á reglugerð nr. 580/2012 um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda, mál nr. 191/2023.
 34. Umsögn SI um reglur um fjárframlög til háskóla, mál nr. 192/2023.
 35. Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir, mál nr. 201/2023.
 35. Umsögn SI um breytingu á lögum um háskóla, mál nr. 63/2006
 36. Umsögn SI um breytingu á reglugerð um loftgæði, nr. 787/1999, mál nr. 205/2023.
 37. Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
 38. Umsögn SI vegna áforma um lagasetningu vegna sameiningar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóðs, mál nr. 220/2023.
 39. Umsögn SI og TÍ um drög að reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs, mál nr. 209/2023.
 40. Umsögn SI og FÍSF um drög að reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs, 209/2023.
 41. Umsögn SI og Samtaka menntatæknifyrirtækja vegna grænbókar í málefnum innflytjenda, mál nr. 232/2023.
 42. Umsögn SI um drög að reglugerð um merki fasteigna, mál nr. 258/2023.
 62. Umsögn SI og Samtaka skipaiðnaðarins (SSI) um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (rafvæðing smábáta), mál 203/2022.
 63. Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (sérhæfð þekking), mál 205/2022.
 64. Umsögn SA og SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum (framboð hagkvæms húsnæðis), mál 202/2022.
 65. Umsögn SI um breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, mál 223/2022.
- Annað**
- Umsögn um drög að innkaupareglum Reykjavíkurborgar, 24. apríl 2023.
- Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is



Íðnaðar- og hugverkasvið





Á iðnaðar- og hugverkasviði SI eru fjölbreyttar greinar iðnaðar, þar á meðal tilheyra tvær af fjórum útflutningsstoðum Íslands sviðinu, hugverkaiðnaður og orkusækinn iðnaður. Undir sviðið heyra félagsmenn og starfsgreinahópar í framleiðslugreinum, matvælaframleiðslu, handverks- og þjónustugreinum, hugverkaiðnaði, allt frá tölvuleikjaframleiðslu til líftækni, orkusæknum iðnaði og fjölbreyttum sprotafyrirtækjum. Á sviðinu er lögð rík áhersla á umgjörð og eflingu nýsköpunar og orku-, umhverfis- og loftslagsmál. Rík áhersla var á raforkumál á árinu vegna stöðu þess málaflokks.

Á iðnaðar- og hugverkasviði eru starfrækt þrjú ráð, Matvælaráð SI, Framleiðsluráð SI og Hugverkaráð SI og heyra fjölbreytt félög og starfsgreinahópar undir sviðið: Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök menntatæknifyrirtækja, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni, Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, Vetnis- og rafeldsneytis-samtökin, Landssamband bakameistara, Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Samtök skipaiðnaðarins, Félag húsgagnabólstrara, Ljósmyndarafélag Íslands, Klæðskera- og kjólarameistarafélagið, Félag íslenskra gullsmíða, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Félag hársnyrtimeistara á Norðurlandi, og Tannsmíðafélag Íslands. Fjöldmörg önnur fyrirtæki, sem eiga beina aðild að SI, tilheyra iðnaðar- og hugverkasviði, meðal annars fyrirtæki í prentiðnaði, matvælaíðnaði og orkusæknum iðnaði, þar á meðal álverin.

Hugverkaráð SI leiðir málefnavinnu hugverkaiðnaðar en í ráðinu sitja fulltrúar starfsgreinahópa tölvuleikjaiðnaðar, menntatækni, upplýsingatækni, gagnaversiðnaðar, líf- og heilbrigðistækni, sprotafyrirtækja og matvælaíðnaðar. Hugverkaráð SI fór í stefnumótun á árinu þar sem áherslumál voru mótuð en ráðið beitir sér meðal annars fyrir öflugum skattahvötum fyrir nýsköpun og að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga í sérhæfð störf hér á landi. Þá er efling tækniinnviða hér á landinu nýtt áherslumál hjá ráðinu.

Matvælaráð SI er vettvangur umræðu um stöðu matvælaíðnaðar á Íslandi en í ráðinu sitja fulltrúar fyrirtækja í ýmsum greinum matvælaíðnaðar. Ráðið leggur áherslu á greiningar og sameiginlega hagsmuni matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda innan SI. Markmið Matvælaráðs SI eru að efla mynd íslenskra matvæla, auka skilvirkni í matvælaeftirliti með samræmdu verklagi og efla samkeppnishæfni íslenskra matvælaframleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum.

Framleiðsluráð SI samanstendur af fulltrúum fjölbreyttra framleiðslufyrirtækja, meðal annars í orkusæknum iðnaði, málmíðnaði og hátækni framleiðslu. Einföldun regluverks og eftirlits til að efla samkeppnishæfni Íslands á sviði framleiðslu er eitt af áherslumálum ráðsins, meðal annars þær íþyngjandi kröfur sem gullhúðun hefur í för með sér.

Sviðið sinnir stefnumótun, hagsmunagæslu, hagaðilatengslum og samskiptum við Stjórnarráðið og eiga starfsmenn sviðsins sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og KLAK- Icelandic Startups. Þá veitir sviðið umsagnir um frumvörp í fjölbreyttum málaflokkum.

Eftirfarandi eru dæmi um mál sem voru í forgrunni á árinu 2023:

- Raforkumál og staða raforkumarkaðar
- Erlend fjárfesting
- Skattahvatar vegna rannsóknar og þróunar
- Tækniinnviðir og fjarskipti
- Málefni alþjóðlegra sérfræðinga, meðal annars skattahvatar
- Mannauðs- og færniþörf
- Útboðsmál á sviði upplýsingatækni og stafrænnar hönnunar
- Skattamál gagnavera
- Regluverk og framkvæmd eftirlits, m.a. gullhúðun
- Samstarf við Íslandsstofu í tengslum við markaðs- og ímyndamál útflutningsgreina
- Loftslagsmál
- Samkeppnisrekstur hins opinbera





Mannvirkjasvið



Mannvirkjaráð SI – Mannvirkjaráð SI vann og innleiddi nýja stefnumótun á árinu og hélt þar að auki fyrsta Mannvirkjaping SI. Þingið var vel sótt og mun verða fastur liður í starfsemi ráðsins til framtíðar. Í ráðinu sitja fulltrúar allra starfandi fagfélaga á sviðinu auk stjórnarmanna SI sem starfa í mannvirka- og byggingariðnaði. Samkvæmt nýrri stefnu ráðsins er hlutverk þess að vera samstarfsvettvangur sem stuðlar að umbótum í mannvirkjaiðnaði, sjálfbærri þróun hans, jákvæðri ímynd og heilbrigðu starfsumhverfi, atvinnulífinu og samfélaginu til hagsbóta. Framtíðarsýn ráðsins er að stuðla að bættu starfsumhverfi mannvirkjaiðnaðar sem að styður við framfarir og eykur skilvirkni og framleiðni.

Meistaradeild SI – Meistaradeild Samtaka iðnaðarins, MSI, er þverfaglegur samvinnu- og umræðuvettvangur allra meistarafélaga í mannvirkjagreinum innan SI og mynda formenn félaganna stjórn MSI. Hlutverk MSI er að stuðla að samstöðu meistarafélaga um mikilvæg málefni í byggingariðnaði, vinna að umbótum í starfsumhverfi félagsmanna MSI í sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og koma fram fyrir hönd þeirra. MSI vann á árinu nýja stefnumótun og beitti sér fyrir breyttu fyrirkomulagi prófa í meistaraskólanum og breytingum við inngöngu í kvöldskóla í iðngreinum, þannig að nú fá þau sem starfa í tiltekinni iðngrein forgang í það nám. Samkvæmt nýrri stefnu deildarinnar er það meðal markmiða hennar að ná fram úrbótum í innkaupum opinberra verkkaupa og eftirliti við mannvirkjagerð, tryggja nægt framboð af fagmenntuðu starfsfólki með áherslu á gott og skilvirkt iðnnám, halda áfram að tala fyrir mikilvægi lögverndun iðngreina ásamt því að huga að umhverfissvænni lausnum við mannvirkjagerð.

Húsnæðismál, innviðir, mannauður og umhverfismál – Rík áhersla er lögð á að sinna verkefnum sem bæta starfsumhverfi fyrirtækja á mannvirkjasviði og á árinu var því áfram lögð áhersla á verkefni á sviðum húsnæðis-, innviða-, mannauðs- og umhverfismála. Undanfarin misseri hefur ríkt ójafnvægi á húsnæðismarkaði sem birtist meðal annars í mikilli hækkun íbúðaverðs og hélt sú þróun áfram á árinu. Samtökin tóku virkan þátt í umræðu um húsnæðismál og gáfu út fjölmargar greiningar. Umbætur á innviðum landsins var fyrirferðarmikil á árinu og var lögð áhersla á að mæta nýfjárfestingar- og viðhaldsþörf þeirra. Útboðsþing SI varpaði ljósi á áætlanir opinberra verkkaupa á því sviði og stefndi í aukningu í fjárfestingu þeirra en þó ekki þannig að mæta ætti framan- greindri þörf og var á það bent í umsögnum SI vegna fjárlaga fyrir árið 2024 sem og vegna samgönguáætlunar vegna árána 2024–2038. Á árinu hófst endurskoðun á byggingarreglugerð og tilnefndu samtökin fjölda félagsmanna til að taka þátt í þeirri vegferð auk þess sem að áfram var unnið að endurskoðun á ÍST 30 staðlinum. Þá var áfram unnið að því að innleiða aðgerðir úr Byggjum grænni framtíð sem er vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð til ársins 2030.

Öflug starfsemi innan félaga – Öflugt starf var unnið á vegum félaga á mannvirkjasviði á árinu. Fjölbreytt norrænt samstarf á sér stað innan flestra undirfélaga á mannvirkjasviði og var ríkuleg þátttaka þeirra á þeim vettvangi á árinu. Málameistarafélagið vann að yfirferð og mótun á samræmdum verklýsingum í málaraíðn sem hafa nú verið birtir á heimasíðu félagsins. Félag blikksmiðjueigenda vann þarfagreiningu á færniþörf með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og notaði

hana til að uppfæra hæfnikröfur og starfálýsingu greinarinnar. Skráðgarðyrkjumeistarar efndu til opins fundar um verkefni í tengslum við löggildingu greinarinnar. Pípulagningamenn í Félagi pípulagningameistara tóku þátt í aðgerðum í Grindavík á árinu og komu hita á hús sem voru án hita vegna jarðhræringa. Þá hefur félagið lagt ríka áherslu á eftirfylgni með lögum um handiðnað og bætt eftirlit með réttindalausum sem starfa í faginu. Samtök rafverktaka gáfu öllum útskrifuðum rafvirkjameisturum gjafabréf með eins árs aðild að samtökunum. Þá var opnuð námsleið í gegnum Rafmennt fyrir þá sem starfandi eru í faginu en hafa ekki lokið formlegu námi þar sem færri komast nú að en vilja í kvöldskóla Tækniskólans. Á árinu var stofnaður tækniþópur lagnakerfa sem samanstendur af formönnum Félags pípulagningameistara, Samtaka rafverktaka og Félags blikksmiðjueigenda. Tilgangur hópsins er að leita leiða til að bæta starfsumhverfi þeirra iðngreina sem að hópnum standa. Félag ráðgjafarverkfræðinga og Samtök arkitektastofa unnu að gerð nýrra þjónustulýsinga hönnuða og ráðgjafa í samstarfi við FSRE og er stefnt að því að kynna afurð þeirrar vinnu fyrir hluta ársins 2024. Félag ráðgjafarverkfræðinga vann að undirbúningi framsals á kjarasamningsumboði sínu til Samtaka atvinnulífsins sem staðfest var á félagsfundi í október. Þá hefur félagið áfram lagt áherslu á aukna úthýsingu verkefna á vegum hins opinbera og barist gegn innhýsingu þeirra. Samtök arkitektastofa gagnrýndi óhóflegt framsal höfundarréttar í útboðsskilmálum opinberra verkkaupa. Mannvirki og Félag vinnuvélaeigenda hafa kallað eftir raunhæfum kröfum við orkuskipti véla og tækja verklegra framkvæmda.



Samtök iðnaðarins beita sér fyrir jákvæðri ímynd íslensks iðnaðar þar sem allar helstu leiðir eru nýttar til að koma skilaboðum á framfæri í ytri og innri samskiptum; viðburðir, útgáfur, greiningar, fréttatilkynningar og annað kynningarefni sem allt er aðgengilegt á vef samtakanna, www.si.is.





Miðlun

Vefur SI

Á vef SI voru settar inn 460 fréttir á árinu. Vegna persónuverndalaga þarf samþykki þeirra sem fara inn á vefinn fyrir mælingum og þar af eru mörg sem nýta sér þann möguleika að heimsókn sé ekki mæld. Á árinu mældust síðuflettingar 133.492. Fjöldi heimsókna á árinu voru 66.866 og notendur mælast 38.512. 57% heimsókna koma frá tölvum, 42% frá sínum, og 1% frá spjaldtölvum.



Samfélagsmiðlar

Samtök iðnaðarins eru á Facebook þar sem yfir 4.700 fylgja samtökunum. Samtök iðnaðarins eru með ásýnd á Instagram með 718 fylgjendum. Samtök iðnaðarins komu sér fyrir á LinkedIn á árinu þar sem 180 fylgja samtökunum. Á Vimeo er hægt að nálgast 380 myndbönd.



Fréttabréf

Rafrænt fréttabréf SI var sent út ellefu sinnum á árinu. Fréttabréfin er hægt að nálgast á vef SI.




Fjölmiðlaumfjöllun

Samtök iðnaðarins voru mjög sýnileg í fjölmiðlum á árinu en um var að ræða 1.027 umfjallanir í fjölmiðlum. 37% birtist í netmiðlum, 16% í blöðum, 3% í sjónvarpi/útvarpi og 44% á sérvefjum.

Heimild: Creditinfo.

Umfjöllun
eftir tegundum
fjölmiðla 2023.



Greinar

Á árinu voru birtar 17 greinar í fjölmiðlum.

- **Traustur samstarfsaðili í aldarfjórðung** / Morgunblaðið
- **Oliuinnflutningur reykst þvert á markmið stjórnvalda** / ViðskiptaMogginn
- **Lykillinn að uppbyggingu samgönguinnviða er samvinna** / Viðskiptablaðið
- **Mikil tækifæri fyrir hagkerfið í öflugum iðnaði** / Viðskiptablaðið
- **Áform ríkisstjórnarinnar draga úr fjölgun íbúða** / ViðskiptaMogginn
- **Hinn breiði pensill Seðlabankans** / Vísir
- **Carlsberg-ákvæðið: Sennilega ekki besta ákvæði í heimi** / Viðskiptablaðið
- **Sónur minn er þörungasérfræðingur** / Vísir
- **Búnn mannvirkjajafnaði gott starfsumhverfi** / Viðskiptablaðið
- **Að segja eitt og gera annað** / Viðskiptablaðið
- **Húsnáðismál eru lífskjaramál** / Morgunblaðið
- **Öflugt kaupréttarkerfi laðar að framúrskarandi starfskrafta** / Vísir
- **Byggjum í takti við þarfir landsmanna – gefa þarf í ef ekki á illa að fara** / Viðskiptablaðið
- **Gullhúðað ákvæði sem skilar litlu** / ViðskiptaMogginn
- **Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sýni gott fordæmi** / Vísir
- **Nýtum nýtt ár til góðra verka** / ViðskiptaMogginn
- **Orð ársins er skortur** / Vísir





Á árinu voru gefnar út átta greiningar þar sem tekin voru fyrir tiltekin málefni sem skipta aðildarfyrirtæki SI máli og þau greind með aðferðum tölfræði og hagræði.

- Útboðsþing SI 2023
- Vaxtartækifæri hagkerfisins í öflugum iðnaði
- Vænta samdráttar í byggingu íbúða
- Ójafnvægi á íbúðamarkaði
- Íbúðauppbygging stefnir í öfuga átt
- Skattahvatar rannsóknar og þróunar auka framleiðni og bæta lífskjör
- 600–1.000 vísað frá þegar fleiri þurfa að ljúka iðnnámi
- Skortur iðnskóla á fjármagni og viðeigandi húsnæði veldur skorti á iðnmenntuðum



Vakin hefur verið athygli á mikilvægi þess að leitað sé til faglærðra félagsmanna meistarafélaga innan Samtaka iðnaðarins. Á vefsíðunni meistarinn.is geta landsmenn nálgast upplýsingar um einstök fyrirtæki innan þrettán meistarafélaga SI, auk hagnýtra upplýsinga fyrir þau sem vilja fá meistarar á verkjó.





Heimsóknir til félagsmanna

Á árinu heimsóttu stjórn og starfsmenn SI fjölmörg aðildarfyrirtæki. Tilgangur heimsóknanna er að efla tengsl við félagsmenn þar sem tækifæri gefst til að heyra hvað efst er á baugi og hverjar helstu áskoranirnar eru í starfseminni.



Alvotech.



Borgarverk.



Hefring.



Héðinn.



Prentmet Oddi.



Skólamatur.

Starfsfólk SI

Starfsfólk Samtaka iðnaðarins við árslok.



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Berglind Guðjónsdóttir,
skrifstofuumsjón



Bjartmar Steinn Guðjónsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir,
verkefnastjóri í mennta- og
mannauðsmálum



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur



Lárus M.K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Lilja Björk Guðmundsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Margrét Kristín Sigurðardóttir,
almannatengsla- og
samskiptastjóri



Elísa Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Friðrik Á. Ólafsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Ída Margrét Jónsdóttir,
aðstoðarmaður framkvæmdastjóra



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs



Kristján Daníel Sigurbergsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs



Úlfar Biering Valsson,
hagfræðingur

the 1990s, the number of people in the UK who are employed in the public sector has increased by 1.5 million (from 2.5 million in 1980 to 4 million in 1995). The public sector has also become an important employer of women, with 4.5 million women employed in the public sector in 1995, compared with 3.5 million in 1980.

There are a number of reasons why the public sector has become an important employer of women. One reason is that the public sector has become an important provider of social services, such as health care, education, and social housing. These services are essential for the well-being of the population, and they are provided by the public sector. As a result, the public sector has become an important employer of women, who are often employed in these services.

Another reason why the public sector has become an important employer of women is that it has become an important provider of social security. The public sector provides social security benefits, such as unemployment benefits, sickness benefits, and pension benefits. These benefits are essential for the well-being of the population, and they are provided by the public sector. As a result, the public sector has become an important employer of women, who are often employed in these services.

There are a number of other reasons why the public sector has become an important employer of women. One reason is that the public sector has become an important provider of social services, such as health care, education, and social housing. These services are essential for the well-being of the population, and they are provided by the public sector. As a result, the public sector has become an important employer of women, who are often employed in these services.

Another reason why the public sector has become an important employer of women is that it has become an important provider of social security. The public sector provides social security benefits, such as unemployment benefits, sickness benefits, and pension benefits. These benefits are essential for the well-being of the population, and they are provided by the public sector. As a result, the public sector has become an important employer of women, who are often employed in these services.

There are a number of other reasons why the public sector has become an important employer of women. One reason is that the public sector has become an important provider of social services, such as health care, education, and social housing. These services are essential for the well-being of the population, and they are provided by the public sector. As a result, the public sector has become an important employer of women, who are often employed in these services.

Another reason why the public sector has become an important employer of women is that it has become an important provider of social security. The public sector provides social security benefits, such as unemployment benefits, sickness benefits, and pension benefits. These benefits are essential for the well-being of the population, and they are provided by the public sector. As a result, the public sector has become an important employer of women, who are often employed in these services.

There are a number of other reasons why the public sector has become an important employer of women. One reason is that the public sector has become an important provider of social services, such as health care, education, and social housing. These services are essential for the well-being of the population, and they are provided by the public sector. As a result, the public sector has become an important employer of women, who are often employed in these services.

Another reason why the public sector has become an important employer of women is that it has become an important provider of social security. The public sector provides social security benefits, such as unemployment benefits, sickness benefits, and pension benefits. These benefits are essential for the well-being of the population, and they are provided by the public sector. As a result, the public sector has become an important employer of women, who are often employed in these services.



**lönaður stendur
að baki þriðjungi
hagvaxtarins**



**Einn af
hverjum fjórum
starfar í lönaði**



**lönaður
skapar fimmtung
landsframleiðslunnar**



**lönaður
skapar 44%
útflutningstekna**



**lönaður skapar 31%
af veltu fyrirtækja
í landinu**

